

Ed.

12. Frumvarp til laga

[12. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1962.

(Lagt fyrir Alþingi á 82. löggjafarþingi, 1961.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1962 heimilt að innheimta af kvíkmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvíkmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A thug a s e m d i r við l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Lög sama efnis hafa gilt um langt árabil, og mæla sómu rök og fyrr með því að þau verði látin gilda áfram, því að fjárbörf þeirra, er skattsins eiga að njóta, er eigi minni en áður.